

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. október 2011 í máli nr. S-984/2011:

Ákærvaldið

(Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Pálma Rafni Hreiðarssyni og

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

Sigurjóni Birgissyni

(Jóhanna Sigurjónsdóttir hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 4. október 2011, er höfðað samkvæmt ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 21. júní 2011 á hendur Pálma Rafni Hreiðarssyni, kt. 000000-0000, Lækjarhjalla 30, Kópavogi, og Sigurjóni Birgissyni, kt. 000000-0000, Tjarnarseli 3, Reykjavík.

1.

Gegn ákærðu Pálma Rafni og Sigurjóni fyrir fjárdrátt, á tímabilinu 28. maí 2008 til 19. mars 2009, með því að hafa í sameiningu sem eigendur og daglegir stjórnendur bílasölnunnar X4 ehf., kt. 000000-0000, dregið sér eða bílasölnunni, bifreiðarnar UP-K91, af gerðinni Mazda CX7, og DJ-305, af gerðinni Mazda MX5, sem voru í eigu Avant hf., en X4 ehf. hafði umráð yfir samkvæmt kaupleigusamningum við Avant hf. Ákærðu fényttu bifreiðarnar með því að rífa eða láta rífa þær niður og seldu eða ráðstöfuðu á annan hátt úr þeim varahlutum með þeim afleiðingum að bifreiðarnar voru verðlausar þegar eigandi þeirra fékk umráð yfir þeim aftur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2.

Gegn ákærða Sigurjóni fyrir fjárdrátt, með því að hafa, á tímabilinu 18. nóvember 2008 til 15. september 2009, dregið sér eða bílasölnunni X4 ehf., bifreiðina RO-999, af gerðinni Ford Mustang, sem var í eigu Lýsingar hf., en ákærði Sigurjón hafði umráð yfir samkvæmt kaupleigusamningi við Lýsingu hf. Ákærði fénytti bifreiðina

með því að rífa eða láta rífa hana niður og selja eða ráðstafa á annan hátt úr henni varahlutum með þeim afleiðingum að bifreiðin var verðlaus þegar eigandi hennar fékk umráð yfir henni aftur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Vegna 1. ákæruliðar gerir Avant hf., kt. 000000-0000, Suðurlandsbraut 12, Reykjavík þá kröfu að ákærðu verði dæmdir til að greiða félaginu skaðabætur að fjárhæð 6.400.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2011, frá 1. september 2009 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa er kynnt sakborningi, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Auk þess er gerð krafa um þóknun vegna lögmannskostnaðar samkvæmt mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti.

Vegna 2. ákæruliðar gerir Lýsing hf., kt. 000000-0000, Ármúla 3, Reykjavík þá kröfu að ákærði, Sigurjón Birgisson, verði dæmdur til að greiða skaðabætur að fjárhæð 2.494.000 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 19. mars 2009 til 19. apríl sama ár, en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að ákærði Sigurjón verði dæmdur til að greiða bótakrefjanda lögmannsþóknun að mati dómsins fyrir að halda uppi bótakröfu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Verjandi ákærða Pálma gerir þær kröfur að ákærði verði sýknaður af ákæru, en til vara að ákærða verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá er krafist frávísunar bótakröfu, til vara sýknu af bótakröfu, en til þrautavara er krafist lækkunar bótakröfu. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Verjandi ákærða Sigurjóns gerir þær kröfur að ákærði verði sýknaður af ákæru, en til vara að ákærða verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er krafist frávísunar eða sýknu af bótakröfum, en til vara er krafist lækkunar bótakrafna. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málsatvik

Ákæruliður 1

Ákærðu í máli þessu voru stofnendur og eigendur einkahlutafélagsins X4 á þeim tíma sem í ákæru greinir. Var ákærði Pálmi skráður stjórnarformaður félagsins, en ákærði Sigurjón framkvæmdastjóri, uns hann skráði sig einhliða úr stjórn hinn 18. september 2008. Er ágreiningslaust að ákærðu stýrðu félaginu í sameiningu, en þeir voru jafnframt einu starfsmenn þess á þeim tíma sem um ræðir. Félagið hafði bifreiðaviðskipti að starfsemi og gerðu forsvarsmenn þess kaupleigusamninga við fjármögnunarfyrirtæki um bifreiðar, sem ætlaðar voru til sölu á þess vegum. Hinn 28. maí 2008 undirritaði ákærði Pálmi, fyrir hönd X4 ehf., samning við Avant hf. um yfirtöku samnings um kaupleigu bifreiðarinnar DJ-305 og kaupleigusamning um bifreiðina UP-K91, en bifreiðarnar voru af Mazda gerð. Ákærði Sigurjón ritaði undir báða samninga sem vottur. Með bréfi Avant hf. til X4 ehf. og ákærðu, dagsettu 26. janúar 2009, var lýst riftun bifreiðasamninganna tveggja vegna verulegra vanefnda og þess krafist að bifreiðunum yrði skilað. Bifreiðunum var hins vegar ekki skilað eins og farið var fram á. Hinn 19. mars 2009 var X4 ehf. úrskurðað gjaldþrota. Með bréfi, dagsettu 8. maí 2009, óskaði lögmaður Avant eftir því að lögregla rannsakaði hver hefðu orðið afdrif bifreiða sem hefðu verið í umráðum X4 ehf., þar sem vörslusvipting hefði ekki borið árangur og bifreiðarnar ekki fundist þrátt fyrir mikla leit.

Hinn 15. september 2009 barst lögreglu tilkynning um að bifreiðin DJ-305 hefði fundist á bifreiðastæði við bifreiðaverkstæði við Hyrjarhöfða í Reykjavík. Lögreglumenn ræddu við starfsmann bifreiðaverkstæðisins, sem kvaðst hafa tekið eftir bifreiðinni daginn áður og gert skráðum eiganda, Avant hf, viðvart. Þá barst önnur tilkynning, hinn 17. sama mánaðar, um að bifreiðin UP-K91 hefði fundist á bifreiðastæði við bifreiðaverkstæði við Bíldshöfða. Eins og í fyrra skiptið hafði starfsmaður bifreiðaverkstæðisins tekið eftir bifreiðinni á bifreiðastæðinu tveimur dögum fyrr. Hann hafði spurst fyrir um bifreiðina, en þegar enginn kannaðist við hana hafði hann samband við skráðan eiganda, Avant hf. Í skýrslum lögreglu kemur fram að búið hafi verið að „strípa“ bifreiðarnar og hafi ýmsir hlutir sjáanlega verið fjarlægðir af og úr þeim. Skýrslunum fylgja ljósmyndir sem sýna ástand bifreiðanna þegar þær komu í leitirnar.

Ákærði Sigurjón Birgisson var yfirheyrður af lögreglu vegna málsins 2. desember 2009. Ákærði kvaðst þá hafa rífið bifreiðarnar tvær í varahluti og hefði ætlunin verið að kaupa aðra varahluti í staðinn og koma fyrir í bifreiðunum. Það hefði verið sameiginleg ákvörðun þeirra meðákærða að gera þetta, en hátt verð hafi verið á varahlutum, sem þá hefði vantað. Þeir hefðu ætlað sér að flytja sjálfir inn varahluti frá Bandaríkjunum á lægra verði og koma fyrir í bifreiðunum í staðinn fyrir þá sem voru fjarlægðir. Þeir hefðu ætlað að skila bifreiðunum í lagi, en það hefði ekki gengið eftir. Ákærði sagði bifreiðarnar hafa verið rifnar á starfsstöð bifreiðasölnunnar, en þær hefðu síðan verið geymdar í gám við Nethyl. Þær hefðu síðan verið fluttar þangað sem þær fundust. Ákærði sagði flesta varahlutina hafa verið notaða í aðrar bifreiðar sem þeir hefðu átt, en taldi þó að einhverjum hefði verið fargað.

Ákærði Pálmi var yfirheyrður af lögreglu 22. febrúar 2010. Ákærði kvaðst ekki hafa komið nálægt niðurrífi bifreiðanna tveggja, en vita til þess að einhverjir hlutir hefðu verið teknir af einhverjum bifreiðum. Hann kvað rétt vera, sem komið

hefði fram í framburði meðákærða, að þeir hefðu sameiginlega tekið ákvörðun um að rífa hluta af einhverjum bifreiðum, en síðan hefði átt að afla nýrra varahluta og skila bifreiðunum í því ásigkomulagi sem þær hefðu verið fyrir niðurrif.

Ákærðu neituðu báðir sök við þingfestingu málsins. Hafa þeir fyrir dómi kannast við að hafa haft umráð bifreiðanna tveggja samkvæmt kaupleigusamningum, en neitað að hafa rifið eða látið rífa þær niður svo sem lýst er í ákæru og í því skyni sem þar greinir.

Ákærði Sigurjón gaf þá skýringu á því að bifreiðarnar hefðu ekki verið afhentar Avant, skráðum eiganda, eftir að kaupleigusamningum hefði verið rift, að þær hefðu verið lánaðar einhverjum aðilum og þeim ekki verið skilað aftur á bifreiðasöluna. Ákærði kvaðst hafa misst sjónar á því hvert bifreiðarnar voru lánaðar. Fleiri bifreiðar hefðu verið lánaðar af bifreiðasölnunni, en þær hefðu skilað sér. Ákærði kvaðst ekki muna nöfn þeirra manna sem hann hefði lánað bifreiðarnar og engin gögn væru til um þau viðskipti. Þegar hann hefði farið að kanna afdrif bifreiðanna hefði komið í ljós að þessir menn hefðu verið búnir að lána þær áfram og honum hefði ekki tekist að hafa uppi á þeim. Ákærði kvaðst ekki muna hvenær bifreiðarnar voru lánaðar frá bifreiðasölnunni, hvort það hefði verið áður en kaupleigusamningum var rift eða síðar. Hann kvaðst ekki vita hver hefði rifið bifreiðarnar niður. Hann hefði ekki gert það og ekki tekið ákvörðun um að það skyldi gert. Hann kvaðst ekki minnst eða vita til þess að meðákærði Pálmi hefði komið að því að lána bifreiðarnar. Þá hefði hann ekki vitneskju um að Pálmi hefði komið að niðurrifi þeirra.

Ákærði gaf þá skýringu á framburði sínum hjá lögreglu að honum hefði fundist hann bera mikla ábyrgð á því hvernig fór fyrir bifreiðunum. Því hefði hann borið á þennan veg. Hann kvað þá meðákærða hafa rætt saman áður en Pálmi gaf skýrslu hjá lögreglu og kannaðist við að hafa skýrt Pálma frá því hvernig hann hefði borið við skýrslutöku.

Ákærði Pálmi kvaðst muna eftir að hafa séð bifreiðarnar tvær í starfsstöð X4 ehf. um það leyti sem félaginu barst bréf frá Avant þar sem lýst var riftun kaupleigusamninga og krafist afhendingar bifreiðanna. Hefðu bifreiðarnar verið „í heilu lagi“ á þessum tíma. Í kjölfarið hefði Avant krafist vörslusviptingar, en ákærði kvaðst ekki hafa verið í sambandi við vörslusviptingaraðila. Um þetta leyti hefði starfsemi fyrirtækisins verið hætt og það tekið til gjaldþrotaskipta. Kvaðst ákærði hafa farið sína leið eftir að hafa sinnt skyldum sínum við skiptastjóra. Ákærði kvaðst enga vitneskju hafa haft um að fyrirhugað væri að rífa bifreiðarnar. Hann hefði hvorki komið að því né óskað eftir því. Þá hefði hann ekki vitað að bifreiðarnar hefðu verið lánaðar einhverjum aðilum. Það hefði tíðkast í starfsemi bifreiðasölnunnar að lána bifreiðar til reynsluaksturs, en bifreiðar hefðu ekki verið lánaðar út til lengri tíma.

Ákærði kvaðst ekki hafa skýrt rétt frá atvikum við skýrslutöku hjá lögreglu. Hann kvað meðákærða hafa hringt til sín eftir að hafa gefið skýrslu hjá lögreglu, en hann hefði þá sjálfur verið boðaður til skýrslutöku. Hefði meðákærði sagt honum að láta sér ekki bregða þegar hann sæi myndir af bifreiðunum við yfirheyrsluna. Meðákærði hefði jafnframt sagt honum að samkvæmt áliti lögfræðings, sem hann hefði leitað til, myndi málið látið niður falla bæru þeir á þann veg að það hefði verið ákvörðun fyrirtækisins að rífa bifreiðarnar. Ákærði kvaðst hafa hagað

framburði sínum á þennan veg þótt hann hefði ekki haft hugmynd um fyrirætlanir um að rífa bifreiðarnar. Hann hefði talið að hann yrði laus mála ef hann greindi frá með þessum hætti. Ákærði kvaðst hvorki vita hver hefði tekið ákvörðun um að rífa bifreiðarnar né hvað hefði orðið um varahluti úr þeim.

Vitnið Kári Elíasson, sem starfar við vörslusviptingar, kvaðst hafa reynt að hafa uppi á bifreiðunum tveimur að beiðni Avant. Hann kvaðst hafa rætt við ákærða Sigurjón, sem hefði ekki upplýst um hvar bifreiðarnar voru niðurkomnar. Hann hefði einnig rætt við ákærða Pálma, sem hefði sagst vera erlendis og ekkert vita um málið. Vitnið Guðmundur Baldursson, starfsmaður Aðalskoðunar, gerði grein fyrir tjónamati sem hann vann fyrir Avant eftir að hafa skoðað bifreiðarnar. Þá komu fyrir dóminn sem vitni Oddgeir Einarsson, skiptastjóri X4 ehf., og Jóhann Birkir Guðmundsson lögreglumaður. Ekki eru efni til að rekja framburð vitnanna.

Ákæruliður 2

Hinn 18. nóvember 2008 undirritaði ákærði Sigurjón eignaleigusamning við fjármögnunarfélagið Lýsingu hf. um bifreiðina RO-999 af Ford Mustang gerð. Meðal gagna málsins er afrit símskeytis innheimtusviðs Lýsingar hf., dagsett 19. mars 2009, um riftun sammingsins vegna vanefnda og var þess jafnframt krafist að bifreiðinni yrði skilað. Lögreglu barst kæra lögmanns Lýsingar vegna málsins með bréfi dagsettu 21. október 2009. Í kærubréfinu kemur fram að ákærði hafi ekki orðið við tilmælum um að skila bifreiðinni og hafi vörslusviptingarfyrtæki því verið falið að hafa uppi á henni. Bifreiðin hafi fundist hinn 15. september og hafi þá verið búið að fjarlægja af henni ýmsa hluti, s.s. dekk, felgur, vélarhlíf, bretti, stuðara, ljósker, sæti og hluta innréttingar. Kærinni fylgdi ljósmynd af bifreiðinni. Í gögnum frá vörslusviptingarfélaginu kemur fram að bifreiðin hefði fundist við Tangarhöfða eftir ábendingu starfsmanns vörslusviptingarfélags sem starfaði fyrir Avant.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 2. desember 2009 kvaðst ákærði kannast við að gengið hefði verið eftir því við hann að skila Lýsingu bifreiðinni, en hann hefði ekki sinnt því þar sem búið hefði verið að rífa hana í sundur. Hefði staðið til að panta varahluti fyrir þessa bifreið á sama tíma og pantaðir yrðu varahlutir fyrir hinar bifreiðarnar tvær og hefði átt að gera það á vegum bifreiðasölnunnar. Kvað ákærði þá meðákærða Pálma hafa rífið bifreiðina og hefði hún líklega verið geymd við starfsstöð X4 ehf. að Nethyl 1.

Við aðalmeðferð málsins játaði ákærði því að hafa gert eignaleigusamning við Lýsingu um bifreiðina sem um ræðir, en neitaði að hafa rífið eða látið rífa bifreiðina svo sem lýst er í kærðu. Bifreiðin hefði í fyrstu staðið við starfsstöð X4, en síðar hefði hann flutt hana á Bílasölu Reykjavíkur og haft hana þar til sölu. Bifreiðin hefði ekki selst þar. Ákærði sagði bifreiðina ekki hafa skilað sér af bifreiðasölnunni, hún hefði „farið á flakk“, einhver hefði fengið hana lánaða og ekki skilað henni aftur. Hann kvaðst síðan hafa frétt af henni við Rjúpnasali í Kópavogi og látið vörslusviptingaraðilann vita af því. Ekki kvaðst ákærði muna hvar hann heyrði að bifreiðin væri staðsett þarna. Ákærði kvaðst síðast hafa séð bifreiðina þar sem hún stóð við Bílasölu Reykjavíkur, sennilega um áramót 2008/2009. Hann kvað þá Pálma ekki hafa komið nálægt niðurrífi bifreiðarinnar. Hann gaf sömu

skýringu og fyrr á framburði sínum hjá lögreglu og kvaðst hafa fundist hann bera ábyrgð á því hvernig fór.

Meðákærði Pálmi kvaðst muna eftir þessari bifreið, sem einhvern tíma hefði staðið við bifreiðasöluna. Hann kvaðst ekkert vita um afdrif bifreiðarinnar, sem ekki hefði verið í eigu X4.

Vitnið Gunnar Þór Schiöth Elfarsson, sölumaður hjá Bílasölu Reykjavíkur, kvað ákærða Sigurjón hafa komið með Ford Mustang bifreið á bifreiðasöluna og hefði hún verið þar til sölumeðferðar. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega hvenær þetta var og ekki heldur hver sótti bifreiðina af bifreiðasölnunni. Vitnið tók þó fram að bifreiðar sem verið hefðu til sölumeðferðar væru aðeins afhentar eiganda eða einhverjum á hans vegum.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Gunnar Sigfússon, starfsmaður Frumherja, sem gerði grein fyrir skoðun sinni á bifreiðinni og skýrslu um mat á kostnaði vegna viðgerða á henni.

Niðurstaða

Ákærðu neita sök. Við yfirheyrslu hjá lögreglu gengust þeir hins vegar báðir við þeirri háttsemi sem þeim er gefin að sök í ákæru. Ákærðu hurfu frá þeim framburði fyrir dóminum og hafa hafnað því að hafa rífið eða látið rífa bifreiðarnar niður og selt eða ráðstafað úr þeim varahlutum, svo sem í ákæru greinir. Hefur ákærði Pálmi jafnframt hafnað allri vitneskju um afdrif bifreiðanna tveggja sem í 1. ákærulið greinir. Ákærði Pálmi hefur lýst tildrögum þess að hann bar með fyrrgreindum hætti við yfirheyrslu hjá lögreglu. Fær frásögn hans að því leyti stoð í framburði meðákærða og eru skýringar hans á breyttum framburði ekki ótrúverðugar. Öðrum gögnum er ekki til að dreifa um að ákærði hafi dregið sér eða bifreiðasölnunni bifreiðarnar sem um ræðir með þeim hætti sem lýst er í ákæru. Samkvæmt framansögðu, og með vísan til 108., 109. og 110. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, telst ósannað að ákærði hafi gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga og verður hann sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði Sigurjón bar við aðalmeðferð málsins að hann hefði lánað einhverjum mönnum þær bifreiðar sem í 1. og 2. ákærulið greinir. Ákærði kvaðst ekki geta gert grein fyrir því hverjum hann lánaði bifreiðarnar. Hefðu bifreiðarnar síðan ýmist verið lánaðar áfram og týnst, eða þær „farið á flakk“. Hefur ákærði að mati dómsins gefið óljósar skýringar á breyttum framburði sínum fyrir dómi. Samkvæmt 110. gr. laga um meðferð sakamála skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram fyrir dómi. Þótt framburður ákærða hafi verið nokkuð á reiki, verður hann ekki sakfelldur á grundvelli játningar við yfirheyrslu hjá lögreglu, nema sú játning fái stuðning í öðrum gögnum málsins. Öðrum gögnum er hins vegar ekki til að dreifa um að ákærði hafi fénytt bifreiðarnar með því að rífa eða láta rífa þær niður og selja eða ráðstafa á annan hátt úr þeim varahlutum, svo sem í ákæru greinir. Telst því ósannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála. Á hinn bóginn hefur ákærði játað að hafa í heimildarleysi lánað bifreiðarnar þrjár, sem hann hafði í vörslum sínum, en voru í eigu fjármögnunarfyrirtækjanna Avant hf. og Lýsingar hf., til ónefndra manna og

ekki sinnt áskorunum eigenda bifreiðanna um að skila þeim. Háttsemi ákærða fól í sér ólögmeta tileinkun og olli hann eigendum bifreiðanna talsverðu fjártjóni, svo sem gögn málsins bera með sér. Samkvæmt framansögðu telst fram komin lögfull sönnun fyrir því að ákærði hafi dregið sér bifreiðarnar þrjár, sem í 1. og 2. ákærulið greinir. Hefur hann með framangreindri háttsemi gerst brotlegur við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Sigurjón er fæddur árið 1972 og hefur hann ekki áður sætt refsingu svo vitað sé. Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir fjárdrátt og varðaði brot hans talsverð fjárverðmæti. Refsing verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu Avant hf. er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 6.400.000 krónur auk lögmannspóknunar og vaxta. Eftir úrslitum málsins verður skaðabótakröfu á hendur ákærða Pálma vísað frá dómi. Ákærði Sigurjón er hins vegar bótaskyldur vegna þeirrar háttsemi sem hann hefur verið sakfelldur fyrir. Skaðabótakröfu fylgir skýrsla starfsmanns Aðalskoðunar, sem vann tjonamat fyrir bótakrefjanda eftir að hafa skoðað bifreiðarnar UP-K91 og DJ-305. Kom starfsmaðurinn jafnframt fyrir dóminn sem vitni og gerði grein fyrir matinu. Kröfufjárhæð er miðuð við niðurstöðu tjonamatsins. Verður ákærði dæmdur til að greiða það tjon sem af háttsemi hans hlaust og metið hefur verið að fjárhæð 6.400.000 krónur. Þá þykir bótakrefjandi eiga rétt á skaðabótum vegna kostnaðar við að hafa uppi skaðabótakröfu. Þykir lögmannspóknun hæfilega ákveðin 180.000 krónur.

Þá hefur Lýsing hf. krafist þess að ákærði Sigurjón verði dæmdur til að greiða skaðabætur að fjárhæð 2.494.000 krónur auk lögmannspóknunar og vaxta. Kröfufjárhæð er miðuð við niðurstöðu starfsmanns Frumherja, sem skoðaði bifreiðina RO-999 og vann skýrslu um mat á kostnaði vegna viðgerða á henni. Kom starfsmaðurinn fyrir dóminn sem vitni og gerði grein fyrir mati sínu. Þá lækkaði bótakrefjandi kröfu sína um fjárhæð sem nam söluverði bifreiðarinnar sem tjonabifreiðar. Verður ákærði dæmdur til að greiða bótakrefjanda skaðabætur að fjárhæð 2.494.000 krónur, sem samkvæmt framansögðu nemur endanlegu tjóni sem hlaust af háttsemi hans. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða bótakrefjanda lögmannspóknun að fjárhæð 168.350 krónur, samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Skaðabætur beri vexti sem í dómsorði greinir.

Ákærði Sigurjón verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhönnu Sigurjónsdóttur hdl., 251.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Pálma, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., 251.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðast úr ríkissjóði.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Pálmi Rafn Hreiðarsson, er sýkn af kröfum ákærvaldsins.

Ákærði, Sigurjón Birgisson, sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Sigurjón greiði Avant hf. 6.580.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2011, frá 1. september 2009 til 6. október 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Sigurjón greiði Lýsingu hf. 2.662.350 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 1. september 2009 til 6. október 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Sigurjón greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhönnu Sigurjónsdóttur hdl., 251.000 krónur. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Pálma, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., 251.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ragnheiður Harðardóttir